

Priðjudaginn 3. febrúar 1948.

Nr. 44/1947. **Júlíus Þórðarson.** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)  
gegn

**Halldóri Jónssyni** (Enginn).

Visun máls frá hæstarétti. Sératkvæði.

### Dómur hæstaréttar.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir hæstarétt í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. maí 1947, krefst aðallega frávísunar frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur lagt fram í hæstarétti yfirlýsingu stefnda, dags. 21. marz 1947. Lýsir hann þar yfir því, að málið hafi verið höfðað í héraði af nafngreindum hæstaréttarlögmanni án heimildar frá sér, enda hafi áfrýjandi „ekki komið nærri samningi þeim, sem krafa mín (þ. e. stefnda) er byggð á, að öðru leyti en því að skrifa undir hann sem vitundarvottur.“

Ekki er fullsannað, að umgetinn hæstaréttarlögmann hafi skort umboð til höfðunar málsins, þar sem hann hefur ekki átt þess kost að koma fram athugasemdum af sinni hálfu. En með því að framangreind yfirlýsing stefnda verður ekki skilin á annan veg en þann, að hann telji sig ekki eiga þá kröfu, sem sótt var á hendur áfrýjanda í héraði, og að hann ætli ekki að neyta dómsins til heimtu hennar, þá verður ekki séð, að áfrýjandi hafi nein efni til áfrýjunar þessarar. Ber því að vísa málinu frá hæstarétti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu á málskostnaður fyrir hæstarétti að falla niður.

## D ó m s o r ð :

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

## Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Ég get ekki fallizt á framangreint atkvæði.

Í máli þessu hefur áfrýjandi lagt fram vottorð frá stefnda þess efnis, að málið hafi verið höfðað í héraði án umboðs frá honum og að óvilja hans. Liggur ekkert fyrir, sem rýri gildi vottorðs þessa. Með skírskotun til framan ritaðs tel ég að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi, svo sem áfrýjandi hefur krafizt.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti þykir mér eiga að falla niður.

D ó m s o r ð mitt mundi því vera á þessa leið:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

## Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Halldór Jónsson útgerðarmaður, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. júní 1946 gegn Júlíusi Þórðarsyni framkvæmdarstjóra, Vesturgötu 43 Akranesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3180.23 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 300.00. Þá hefur stefndi í báðum tilvikum krafizt málskostnaðar að mati dómáráns. nesi félag, er hét Oliufélag (sic) Akraness. Skyldi félag þetta vera samvinnufélag. Þann 21. janúar s. á. var félag þetta tilkynnt til samvinnufélag. Þann 21. janúar s. á. var félag þetta tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akraness. Er tilkynningin dagsett sama dag. Þá um leið var greitt skrásetningargjald, gjald fyrir prókúrutilkynningu og upp í kostnað við auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu. Stefndi var í stjórn félags þessa. Auglýsing um stofnun og skrásetningu félags þessa birtist þó ekki fyrr en í Lögbirtingarblaði, er út kom 14. nóvember 1946. Þann 28. janúar 1944 gerði formaður stjórnar

félagsins, sem einnig var prókúruhafi þess, fyrir hönd félagsins samning við stefnanda um flutning á benzini. Var stefndi vottur að samningsgerð þessari. Oliusamlagið stóð eigi í skilum með greiðslur vegna samnings þessa, og höfðaði stefnandi því mál á hendur því til heimtu inneignarinnar. Með dómi uppkveðnum á bæjarþingi Akraneskaupstaðar 20. september 1945 var Oliusamlag Akraness dæmt til að greiða stefnanda kr. 2425.00 með 5% ársvöxtum frá 3. júlí 1945 til greiðsludags og kr. 631.00 í málskostnað. Oliusamlagið hefur ekki goldið dómskuld þessa, enda mun það vera eignaust.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að honum hafi verið algerlega ókunnugt um, að Oliusamlagið var samvinnufélag, fyrr en undir rekstri máls þessa. Hafi hann alltaf talið, að félagsmenn bæru ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Telur stefnandi, að þótt tilkynning um að Oliusamlagið væri samvinnufélag hafi borizt lögreglustjóra Akraness innan lögmæltis tíma, þá leiði það af ákvæðum 17. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 46 frá 1937, að skrásetning þessi hafi ekki gildi gagnvart sér. Af þessum orsökum beri að líta á félagið sem óskrásett á þeim tíma, sem viðskipti þessi áttu sér stað, en samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 9. gr. samvinnufélagalaganna beri stjórnendur og félagsmenn persónulega ábyrgð á skuldbindingum slíkra félaga. Nú hafi stefndi verið og sé í stjórn félagsins og beri hann því persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess. Fjárhæð stefnukröfunnar er aðalfjárhæð dómskröfunnar á hendur Oliusamlagi Akraness, málskostnaður og vextir til 24. júní 1946.

Í hinum munnlega málflutningi byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verði litið á Oliusamlag Akraness sem óskrásett samvinnufélag samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga um samvinnufélög, þá leiði það af ákvæðum 2. mgr. 9. gr. sömu laga, að hann beri ekki persónulega ábyrgð á skuld þessari, því í nefndri lagagrein segi, að stjórnendur eða félagsmenn í félagi, sem ekki er skrásett, beri aðeins ábyrgð á skuldbindingum, er þeir hafi gert fyrir félagsins hönd. Samning þann milli Oliusamlags Akraness og stefnanda, sem krafan er risin af, hafi prókúruhafi félagsins gert fyrir þess hönd. Stefndi geti því ekki krafist sig, enda skipti engu máli í þessu sambandi, þótt hann hafi verið vottur við samningsgerðina. *Varakröfu* sína byggir stefndi á því, að Oliusamlag Akraness hafi frá upphafi verið samvinnufélag og ábyrgð félagsmanna á skuldbindingu félagsins því takmörkuð. Félagið hafi verið tilkynnt til samvinnufélagsskrárinna innan lögmæltis tíma og skrásetningar- og birtingargjald greitt um leið. Dráttur sá, er á birtingu tilkynningarinnar varð í Lögbirtingarblaðinu, hafi verið skrásetningarvaldsmanninum einum um að kenna og geti ekki orðið félagmönnum til óhagræðis. Þá hljóti stefnanda að hafa verið um það kunn-

ugt eða mátt vera það, að hér var um samvinnufélag að ræða. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. samþykktar Oliusamlags Akraness beri félagsmenn aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og kr. 300.00 að auki. Sá þetta í samræmi við ákvæði 8. tl. 5. gr. laganna um samvinnufélög. Inngangseyrir í félagið hafi verið kr. 10.00 og tillag í stofnsjóð kr. 300.00 (í tilkynningu talið kr. 100.00), en hvorttveggja hafi hann þegar greitt. Af þessu leiði, að sér beri ekki að greiða meira en kr. 300.00 af skuldum félagsins.

Það er fram komið, að Oliusamlag Akraness var tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akraness innan lögmæltis tíma samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 46 frá 1937. Þá voru einnig greidd venjuleg skrásetningargjöld. Eins og að framan greinir, varð hins vegar ekki af birtingu tilkynningar fyrr en 17. nóvember f. á. Í 17. gr. nefndra laga segir svo: „Nú hefur lögskipuð birting eigi fram farið, og hefur skrásetning þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.“ Gegn eindregnum mótmælum stefnanda er ósannað, að honum hafi verið kunnugt um skrásetningu þessa fyrr en eftir að til skuldar þessarar var stofnað. Verður því skrásetningin eigi talin hafa þýðingu gagnvart stefnanda, að því er þau skipti varðar, er hér um ræðir. Í 2. mgr. 9. gr. sömu laga segir svo: „Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem eintaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.“ Samningur á milli stefnda og Oliusamlags Akraness, er hér um ræðir, er af hálfu Oliusamlagsins undirritaður þannig: „pr. pr. Oliusamlag Akraness. Gunnl. Jónsson“, en maður sá var formaður stjórnar félagsins og prókúruhafi. Stefndi var hins vegar vottur að samningsgerðinni og ritaði undir hana sem slíkur. Af þessu er ljóst, að stefnda var kunnugt um samningsgerð þessa. Þar sem nefndur Gunnlaugur Jónsson undirritaði samninginn sem prókúruhafi, verður hann talinn hafa gera það á ábyrgð og í umboði félagsstjórnarinnar. Með vísan til alls þessa verður að telja, að afstaða stefnda við nefnda samningsgerð hafi verið slík, að fullnægt sé skilyrðum þeim til persónulegrar ábyrgðar stjórnenda, sem sett eru í 2. mgr. 9. gr. nefndra laga.

Samkvæmt þessu verður hvorki aðalkrafa né varakrafa stefnda til greina tekin og hann talinn bera persónulega ábyrgð á greiðslu framangreindrar kröfu.

Fjárhæð kröfu stefnanda hér fyrir dómi hefur ekki sætt neinum rökstuddum andmælum og verður hún því tekin til greina óbreytt með vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

## D ó m s o r ð :

Stefndi Júlíus Þórðarson greiði stefnanda Halldóri Jóns-  
syni kr. 3180.23 með 6% ársvöxtum frá 24. júní 1946 til greiðslu-  
dags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu  
dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. febrúar 1948.

Nr. 116/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Evald Hentze** (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

**Dómur hæstaréttar.**

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur  
kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Skólastjóri Stýrimannaskólans hefur samkvæmt mæling-  
um skipherra varðskipsins markað á sjóuppdrátt staðinn,  
þar sem kærði var að dragnótaveiðum hinn 30. september  
f. á. Reyndist staður þessi 1 sjómílu innan landhelgilínu.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að gullgildi krón-  
unnar hefur haldizt óbreytt frá uppsögu héraðsdóms, þykir  
mega staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að frestur til greiðslu  
sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með  
talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir  
hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

## D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að  
frestur til greiðslu sektarinnar er 4 vikur frá birtingu  
dóms þessa.

Kærði Evald Hentze greiði allan áfrýjunarkostnað  
sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og  
verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna